

Útvík í Skagafirði...22.03.2018.

Góðan dag nefndarfólk.

Ég hef nokkrar hugmyndir varðandi umrætt frumvarp.

Ég tek undir, að þessar hömlur í lögum er tímaskekktja; hér tel ég að óhætt sé að miða okkur við það sem gerist annarstaðar í hinum Vestraena heimi.

Hinsvegjar hef ég nokkrar áhyggjur af afleiðingum lagabreytingarinnar, ef annað varðandi áfengislöggjöfina, verður ekki lagfært samhlíða.

Ég er eigandi örbrugghúss, þar sem árleg framleiðsla hefur verið á bilinu 30,000l. - 70.000l.

Sá markaður sem ég hef þurft að stóla á, er einkum erlendir bjóráhugamenn sem heimsækja landið og svo Íslenskir bjóráhugamenn; að töluverðu leiti þeir sömu og brugga nú heima hjá sér í skugga núverandi laga. Þetta atriði á í mun minna mæli við um stærri brugghúsin.

Þar sem ég hef framleiðsluleyfi, get ég selt í heildsölu til ATVR og vinveitingaleyfishafa.

Af því öli sem ég sel, þarf ég að greiða áfengisgjald; sennilega það hæsta sem gerist á jarðarkringlunni.

Ef heimabruggun verður lögleidd, tel ég líkur á að bjóráhugamenn taki því fagnandi og fleiri fari að brugga heima og í meira mæli, enda tiltölulega ódýrt að framleiða þannig bjór að eigin smekk og áhuga.

Hráefni til framleiðslu á 1 lítra af 5 % öli, liggur frá um 30 krónum og uppúr.

Ef brugghúsið mit framleiðir þennan bjór leggst áfengisgjald á með álögðum virðisaukaskatti á þennan framleidda lítra uppá ca. 53,5kr +5,9k = 59,4kr

Á þetta leggst auðvitað kostnaður við umbúðir, flutningur, skilagjald umbúða, 18% álagning ATVR ef varan er seld þar og 11% vaskur.

Mér reiknast til, að allt í allt kosti líterinn (3 dósir) af einföldu 5% öli um 1000kr, ef framlegð til mín er 0 kr.

Ef við lítum einungis til framleiðslunnar á bjórnum, er því um 20 sinnum dýrara að kaupa bjórinn, en að brugga hann sjálfur.

Ef handverksbjórgerð á að vera atvinnugrein, þarf að fara varlega, ef ekki á að kippa brauðfötonum undan okkur. Ég vil með þessu vara við því að hobbývæða atvinnugreinina, eins og hefur td. gerst varðandi sauðfjárræktina.

Til að reyna að hindra að svo illa fari, þyrfti því að mínu mati að líta til , t.d. USA varðandi fyrirkomulag álagningar áfengisgjalds.

Þar greiða framleiðendur sem framleiða lítið, mun lægra gjald en þeir sem mikið framleiða. Þetta bil var nýlega aukið enn frekar og ef mér skjátlast ekki, þá greiða þeir smáu um 1/3 af því sem þeir stóru greiða í áfengisgjald.

Niðurstaða mín er sú, að það er fallega hugsað að fjarlægja umrætt bann, en ég tel það mikið ábyrgðarmál, sé það gert með þeim afleiðingum, að handverksölgerð geti ekki þrífist sem atvinnugrein.

Kveðja,

Árni Hafstað

